

# SAMSKEYTINGAR SIGURJÓNS

Sýning í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar  
3. september 2016 – 28. maí 2017

**Sigurjón Ólafsson** verður að teljast með allra fjölhæfustu þrívíddarlistamönnum sem íslensk þjóð hefur alið, og þótt víðar væri leitað. Eftir hann liggja klassískar höggmyndir úr steini, mannamyndir mótaðar í leir og gífs, logsoðnar og opnar járnmyndir og margvíslega tálgaðar og samsettar trémyndir.

Á seinustu árum hafa síðastnefndu verkin vakið æ meiri athygli fræðimanna. Komið hefur í ljós hve mjög þær kallast á við svokallaða frumlist – og þá helst listir Afríkubjóða – bæði hvað tækni og innihald snertir. Einnig virðist full ástæða til að skoða margar þessara trémynda Sigurjóns í öðru samhengi, nefnilega út frá svokallaðri „assemblage“ tækni, sem hafði veruleg áhrif á nútíma myndlist í kjölfar síðari heimsstyrjaldar. Sem er einmitt markmið þessarar sýningar.

„Assemblage“ sem hér kallast „samskeytingar“ eru afleggjari af „collage“ – klippimyndataekninni – sem þeir Picasso og Braque hleyptu af stokkunum rétt fyrir fyrra stríð. Þetta voru upprunalega pappírsverk, en síðan bættust við hlutir eða klipp úr nánasta umhverfi listamannanna. Þeim var fyrir komið á máluðum myndflötum til að auka á raunsæi verkanna, rýmisverkan og hugmyndalegar skírskotanir.

Um miðbik liðinnar aldar voru margir málsmetandi listamenn farnir að steypa saman stórum hlutum úr daglegu lífi og máluðum flötum. Aðskotaefnið var oftast nær hlutlægt, til þess fallið að mynda togstreitu hlutlægra og huglægra hugmynda í verkunum. Einnig voru til listamenn eins og bandaríska listakonan Louise Nevelson, sem sankaði að sér alls konar afgangum úr trjáviði og staflaði upp í feiknastórar samstæður, málaðar í einum lit, sem voru alfarið abstrakt.

Þau Nevelson og Sigurjón vinna bæði abstrakt, en að öðru leyti kallast hann ekki á við aðra erlenda listamenn sem praktíseruðu samskeytingar. Hins vegar virðist Sigurjón vel meðvitaður um kosti samskeytingartækni, allt frá því að aðstæður beindu sjónum hans í auknum mæli að margs konar trjáviði, aðskotaefni jafnt sem aðkeyptu.

Fyrstu samsettu trémyndir Sigurjóns eru frá seinni hluta sjötta áratugarins, verk á borð við *Svani* (LSÓ 1139), *Finngálkn* (LSÓ 1140), *Glataðar soninn* (LSÓ 194) og *Himnastiga* (LSÓ 159). Þær eru margþættari en fígúratífar eða tótemískar trémyndirnar sem hann gerði fyrir stríð og


hverfast utan um – eða taka til sín – ákveðið rými, sem eldri myndirnar gerðu ekki. En sóknin í átt til aukins rýmis er eitt af því sem einkennir samskeytingar helstu listamanna á tuttugustu öld.

Blómaskeið samskeytinga í myndlist Sigurjóns er án efa seinni hluti áttunda áratugarins. Þessar síðari samskeytingar eru yfirleitt á hæðina, og vísa þannig beint og óbeint til súlna eða hins upprétta manns (sjá til dæmis *Blómgun* (LSÓ 097), *Atómsprengjan* (LSÓ 099), *Hver ert þú?* (LSÓ 114) og *Á fallanda fæti* (LSÓ 127)). Utan á þessi verk raðar listamaðurinn láréttum eða lóðréttum viðar- eða málmeiningum af ýmsum toga sem mynda slitrótt en opin rými utan um upprétta meginstoðina. Að einu leyti sverja þessi verk sig sérstaklega í ætt við samskeytingarhefðina: aðföngin, hvort sem þau eru notuð hrá eða hafa fengið einhverja meðhöndlun, vísa ævinlega til eiginda sinna og uppruna í veruleikanum. Í vissum skilningi eru þetta því raunsæ verk.

Í nokkrum tilfellum afmarkar Sigurjón og umlykur rými í þessum samsettu verkum svo að úr verða eins konar byggingar, aðsetur leyndar-dóma og ímyndana: *Nýtt líf* (LSÓ 103), *Leynivopnið* (LSÓ 104) og *Gen* (LSÓ 150). Upp í hugann koma nokkur verk súrrealista í byggingarstíl, til dæmis *Höllin klukkan fjögur að nóttu* eftir Giacometti (1932), en vitað er um áhuga Sigurjóns á súrrealískri myndlist.

Þessi samsettu verk Sigurjóns eru margræð, ævintýralega frjó og beinlínis skemmtileg, hvort sem litið er til handverkspátta þeirra eða hugmyndaheims.

Aðalsteinn Ingólfsson



**Sigurjón Ólafsson** (1908 – 1982) fæddist og ólst upp á Eyrarbakka. Hann flutti til Reykjavíkur og hlaut þar sína fyrstu tilsögn í myndlist hjá Ásgrími Jónssyni listmálara og Einari Jónssyni myndhöggvara. Samhliða listnámi lauk hann sveinsprófi í húsamálun frá Iðnskólanum í Reykjavík.

Haustið 1928 sigldi Sigurjón til Kaupmannahafnar og hóf þar nám í Konunglega Listaháskólanum hjá prófessor Utzon-Frank. Honum sóttist námið vel og haustið 1930 hlaut hann gullverðlaun Listaháskólans fyrir stytta af *Verkamanni* (LSÓ 1017). Sigurjón hlaut skjótan frama erlendis, og eftir námsdvöl í Rómaborg 1931–32 og lokapróf frá Listaháskólanum árið 1935 var hann talinn meðal efnilegustu myndhöggvara yngri kynslóðarinnar í Danmörku.

Verk Sigurjóns frá Danmerkurtímanum vekja enn forvitni og áhuga manna. Má þar nefna *Saltfiskstöflun* (LSÓ 1034) og stytur af *Fótboltamönnum* (LSÓ 004, 005 og 247) auk verksins *Maður og kona* (LSÓ 1054) sem olli deilum á sínum tíma í Danmörku. Fyrir portrettið *Móðir mín* (LSÓ 007) hlaut Sigurjón hin eftirsóttu Eckersberg-verðlaun 1939. Á árunum 1941–44 vann Sigurjón að stærsta verki sínu í Danmörku, tveimur granítstytum fyrir *Ráðhústorg Vejleborgar* (LSÓ 1062 og 1063) sem í upphafi ollu miklum deilum, en eru nú í hávegum hafðar.

Sigurjón sneri heim að loknu stríði og varð meðal brautryðjenda abstraktlistar á Íslandi auk þess að vera talinn einn helsti portrettlistamaður sinnar samtíðar. Honum var falið að gera fjölda opinberra verka og í Reykjavík eru eftir hann á annan tug útilistaverka og veggskreytinga. Stærst verka hans er án efa lágmyndirnar á stöðvarhúsi *Búrfellsvirkjunar* (LSÓ 1232) sem hann vann á árunum 1966–69, en þekktari eru ef til vill *Öndvegissúlurnar* (LSÓ 1269) við Höfða og *Íslandsmerki* á Hagatorgi (LSÓ 1278).

Heildarskrá listaverka Sigurjóns er aðgengileg á netinu, [www.LSÓ.is](http://www.LSÓ.is)